

**Reglugerð
um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2005.**

1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2005:

- a) Í júlí 2005 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2005 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 472/2004 um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2004